

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Skálholt, landnr. 167166.

Deiliskipulagið nær til Skálholtsjarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Stærsti hluti jarðarinnar er skilgreindur sem landbúnaðarsvæði en auk þess eru þar ræktuð tún, mýrlendi, skógræktarsvæði og fleira.

Deiliskipulagið tekur til afmörkunar byggingarreita fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðunar lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorláksbúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júní 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.